

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:

Vörunúmer:

Snittolía 400 ml

LM1846

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Smurefni/feiti í úðabrusa, losar festur.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrilliggjandi.

1.3 Söluaðili:

Stilling ehf

Kletthálsi 5
110 Reykjavík

Framleiðandi:

LIQUI MOLY GmbH
Jerg-Wieland Strasse 4
D-89081 Ulm-Lehr
Þýskaland
00-49-731-1420-0
info@liqui-moly.de
www.liqui-moly.de

Sími:

5208000

Netfang:

stilling@stilling.is

Veffang:

www.stilling.is

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

| | | |
|------|--|----------------|
| H222 | Afar eldfimt úðaefni | Eldf.úðaefni 1 |
| H229 | Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun | Úðabréf 1 |

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):



Hættumerki:

Viðvörunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar

H222 Afar eldfimt úðaefni
H229 Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun

Varnaðarsetningar

P102 Geymist þar sem börn nái ekki til
Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum.
- Reykingar bannaðar.
P211 Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251 Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P410+P412 Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé lofræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur:

Sjá einnig 11. og 15. lið.

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(**PBT**: Þrávirkrt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkrt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur: Úðabrusi.

| - | | | |
|-----------------------------------|---|-----------------------|---|
| Skráningarnúmer ECHA | - | Innihald % | - |
| Raðnúmer | - | Varnaðarmerki: | - |
| EINECS, ELINCS | - | H-setningar | - |
| CAS | - | Flokkun, hættumerking | - |
| Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP) | | | - |

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunararfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

| | |
|-------------------|---|
| Almennt | Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis. |
| Innöndun | Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. |
| Snerting við húð | Tryggið öryggi hjálparliða. Notið öndunarbúnað, stöðvist öndun. |
| Snerting við augu | Hreinsisð húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsisð vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis verði vart við ertingu. |
| Inntaka | Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Ólíkleg áverkunarleið. Skolið munn með vatni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið. |

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. erting í augum. Langtímaáverkun: þurrkur í húð. Innöndun: erting í öndunarvegi, hósti, höfuðverkur, svimi, áhrif á miðtaugakerfi, skortur á samhæfingu.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxið, slökkviduft. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfí að íkeikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsisð upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða lofræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Forðist uppsöfnun gufu í lágt liggjandi rýmum. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé lofræsting ófullnægjandi. Við losun gufu skal tryggja góða lofræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjð í þar til gerð íslát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða lofræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé lofræsting ófullnægjandi. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig. Notið ekki í lokuðum rýmum. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni. Úðabrusi: Hlífið við sórljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Gatið ekki eftir notkun. Úðið ekki á heita fleti. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavaða. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlíðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarþúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel lofræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólf. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sórljós, opinn eld og aðra íkeikjuvalda.

7.3 Sértað, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærribreytur:

| Efni: | 8 klst ppm | 8 klst mg/m ³ | Þakgildi 15mín ppm | Þakgildi 15mín mg/m ³ | Annað |
|--|------------|--------------------------|--------------------|----------------------------------|-------|
| Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <5% hexan | | 600 | | | WEL |
| Bútan | 600 | 1450 | 750 | 1810 | WEL |
| Própan | | 1000 | | | WEL |
| Ísóbútan | | 1000 | | | WEL |
| Olíuúði (jarðolía) | | 5 | | 10 | ACGIH |

WEL = Work Exposure Limit - Langtímanörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi lofræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavaða, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærrí vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlíðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlíðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnabolna hlíðarhanska úr nítrílgúmmi. (EN374 >=0,4 mm, gegnstreymistíma >480 mín.). Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggisskófatnaðar. (EN20345).

Öndunararfæri

Sé lofræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með sígerð A2 P2. (EN14387). Litarkódi brúnn/hvítr. Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarþúnað (EN137, EN138).

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

| | |
|----------------------------|--|
| Eðlisástand: | Vökvi (aerosol) |
| Lykt: | Einkennandi |
| Litur: | Gulur |
| Blossamark: | -97°C |
| Tendrunarmark: | 365°C |
| Lægri sprengimörk í lofti: | 1,5% |
| Hærri sprengimörk í lofti: | 10,9% |
| Gufuprýstingur (20°C): | 4200 hPa |
| Eðlismassi við 20°C: | 0,72 g/cm ³ |
| Leysanleiki í vatni: | Óleysanlegt |
| Eldfimi: | Já |
| Sprengifimi: | Varan er ekki sprengifim, en gufa getur myndað sprengifimar blöndur með lofti. |
| Oxandi eiginleikar: | Nei |

9.2 Aðrar upplýsingar:

| | |
|--------------------|-----|
| Leysiefnainnihald: | 40% |
|--------------------|-----|

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, og aðrir íkveikjuvaldar. Sprengihætta við upphitun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfí að íkveikjuvöldum.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

| Bútan | | | | | |
|--------------------------|------------------|---|-------------|----------------|--------------|
| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
| Bráð eiturhrif, innöndun | LC ₅₀ | 658 | mg/l/4 klst | rotta | |
| Stökkbreyingar kímfruma | | Neikvætt | | | OECD 471 |
| Einkenni | | Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst. | | | |

| Própan | | | | | |
|-------------------------|-------|---|--------|----------------|--------------|
| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
| Stökkbreyingar kímfruma | | Neikvætt | | | OECD 471 |
| Einkenni | | Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst. | | | |

| Ísóbútan | | | | | |
|--------------------------|------------------|---|-------------|----------------|--------------|
| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
| Bráð eiturhrif, innöndun | LC ₅₀ | 658 | mg/l/4 klst | rotta | |
| Stökkbreyingar kímfruma | | Neikvætt | | | OECD 471 |
| Einkenni | | Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst. | | | |

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

| Snittolía 400 ml | | | | | |
|------------------------|-------|---|------|------------|--------|
| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| þrávirkni og niðurbrot | | Einangrið með olíuskilju eins og unnt er. | | | |
| Annað | | Inniheldur ekki AOX efhi (lífraen efni með halogenum sem geta aðsogast) | | | |

| Bútan | | | | | |
|----------------------|--------|------------|------|------------|-------------------------|
| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow | 2,98 | | | Uppsöfnun ekki líkleg |
| Mat á PBT / vPvB | | | | | Flokkast ekki sem slíkt |

| Própan | | | | | |
|----------------------|--------|------------|------|------------|-------------------------|
| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
| Uppsöfnun í lífverum | LogPow | 2,28 | | | Uppsöfnun ekki líkleg |
| Mat á PBT / vPvB | | | | | Flokkast ekki sem slíkt |

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata, brenna eða skera í umbúðir
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
15 01 04 (málmumbúðir)
15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking

| | |
|--------------------------|----------|
| UN Númer | 1950 |
| Efnisheiði v. flutninga: | AEROSOLS |
| Hættuflokkur: | 2.1 |
| Pökkunarflokkur: | - |
| Hættuundirflokkur: | 5F |
| Jarðgangaflokkun: | D |
| Mengunarhætta: | Já |



IMDG:

| | |
|--------------------------|----------|
| UN Númer | 1950 |
| Efnisheiði v. flutninga: | AEROSOLS |
| Hættuflokkur: | 2.1 |
| EmS: | F-D, S-U |
| Pökkunarflokkur: | - |
| Mengunarhætta: | Já |



IATA:

| | |
|--------------------------|---------------------|
| UN Númer | 1950 |
| Efnisheiði v. flutninga: | AEROSOLS, FLAMMABLE |
| Hættuflokkur: | 2.1 |
| Pökkunarflokkur: | - |



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértaek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP),
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
VOC (EB 2010/75) 40% 288 g/l

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

Engar.

Útgáfa/Dags: 2/05.06.2017

Öryggisblað þetta er þytt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vörurna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er altaf á ábyrgð notanda vörurnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörurnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

LIQUI-MOLY GMBH

SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II

1846 SCHNEIDOEL 400 ML

Útgáfa:

22.10.2013 Útgáfa 0007

Kemur í stað:

17.01.2013 Útgáfa 0006